Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
vellíðan fyrir alla

Reglur vegna heimagístingar nemenda

Þegar börn á unglingastigi úr Öræfum gista á Höfn vegna skólagöngu sinnar í Grunnskóla Hornafjarðar þá greiðir sveitarfélagið fyrir gistinguna til þess aðila sem viðkomandi barn dvelur hjá.

Upphæð sem tilgreind er í gjaldskrá um heimagistingu miðast við verð á einni gistinótt og uppfærist skv. vísitölu framfærslukostnaðar og neysluverðs 1. ágúst á hverju ári

- Greiðslan er fyrir gistingu.
- Greiðslan **er ekki fyrir fæði**. Fæði er greitt sérstaklega af foreldrum.
- Sá sem sér um heimagistingu leggur til rúmfatnað og handklæði önnur en þau sem farið er með í íþróttir og sund.
- Gert er ráð fyrir því að nemandi sé eins og hluti af fjölskyldunni, borðar með henni og hefur aðgang að þvottavél, sjónvarpsherbergi og öðru því sem eðlilegt er á flestum heimilum auk þess sem hann fær þá aðstoð sem hann þarf við daglegt líf eins og eðlilegt er fyrir barn á sama aldri.
- Barnið tekur óhreinan þvott með sér heim um helgar.
- Ef um barn með sérþarfir er að ræða er samið um það sérstaklega.

Sveitarfélagið greiðir fyrir gistingu skv. reikningi frá vistunaraðila þar sem gistinætur eru tilgreindar.
Foreldrar greiða fæðiskostnaður barns beint til vistunaraðila án milligöngu sveitarfélagsins.

Höfn 12. nóvember 2026
Hjalti Þór Vignisson
Bæjarstjóri